

M-44/2007 Álit 13. febrúar 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-44/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. nóvember sl. bað X, hér eftir líka nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndarinnar er varðar kaup hennar á tveimur baðkörum hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði henni síðara baðkarið sem hún keypti.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin ritaði álitsbeiðanda bréf 14. desember sl. og óskaði eftir frekari upplýsingum um kröfu hennar og kæruefnið. Svar við því bréfi barst nefndinni 2. janúar sl.

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 3. janúar sl., og bárust þau nefndinni 10. s.m. Andsvörin voru kynnt álitsbeiðanda með bréfi dags. 15. janúar sl. og henni gefinn frestur til 21. s.m. til að gera athugasemdir. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfi, dags. 23. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt baðkar hjá Y í byrjun maí 2007 og greitt fyrir það kr. 86.700. Hún hafi fengið mann til þess að koma baðkarinu fyrir en við notkun hafi komið í ljós að það hafi lekið auk þess sem einn nuddstútur þess hafi verið á mjög skrýtnum stað, þ.e. á botni baðkarsins, og því ekki hægt að nota nuddbúnað þess. Af þessum ástæðum kveðst álitsbeiðandi hafa daginn eftir kvartað við seljanda sem hafi boðist til að skipta á baðkarinu og öðru nýju. Álitsbeiðandi kveðst hafa valið nýtt baðkar og greitt fyrir það kr. 30.000 til viðbótar kaupverði fyrra baðkarsins. Seljandi hafi tekið við fyrra baðkarinu, en hringt í sig klukkustundu síðar og sagt sér að baðkarið væri allt í kítta sem ekki hafi verið hreinsað af því. Álitsbeiðandi lýsir orðaskiptum aðila vegna þessa en ekki þykir ástæða til að rekja þau.

Álitsbeiðandi segir að hinn 18. júlí sl. hafi vatn lekið um slöngu sem legið hafi frá nýja baðkarinu. Hún hafi fengið pípulagningamann til þess að skoða aðstæður og hafi hann sagt að slangan stæðist ekki kröfur. Vatnið hafi verið alveg sjóðandi heitt og búið að leka klukkustundum saman. Tryggingafélagið Z hafi strax sent mann til þess að þurrka vatnið. Íbúðin sé á tveimur hæðum og allt hafi skemmst sem skemmst gat. Hafi þurft að skipta um vegg og gólfefni í fataskápum og eldhúsinnrétting, sjónvap, skjávarpi og hljómflutningstæki hafi skemmst af gufunni, mála hafi þurft íbúðina og fleira hafi komið til. Álitsbeiðandi kveðst hafa hringt í seljanda nokkrum dögum síðar og sagt honum frá þessu og sagst þurfa að koma baðkarinu til hans. Daginn eftir þegar iðnaðarmenn frá Z

hafi verið við vinnu hafi seljandi komið og skoðað aðstæður. Hann hafi hringt í sig daginn eftir og sagt að eitthvað þyrfti að finna út úr þessu. Álitsbeiðandi kveðst hafa hitt seljanda og hann þá boðist til þess að endurgreiða helming kaupverðs baðkarsins því að fyrra baðkarið hafi þurft að selja með helmings afslætti. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið við svo búið og snúið sér til Neytendasamtakanna.

Álitsbeiðandi segir slöngu frá baðkarinu hafa verið gallaða og það valdið vatnstjóninu.

Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið fyrir miklu tjóni en hún hafi þurft að greiða kr. 400-500 þúsund krónur sem váttryggingafélagið hafi ekki greitt.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda er því lýst að álitsbeiðandi hafi beðið um skipti á baðkari sem hann hafi samþykkt. Þegar fyrra baðkarið hafi komið til baka hafi það verið illa útleikið og kveðst seljandi hafa orðið að selja það fyrir hálfvirði, eða kr. 43.000. Andsvörunum fylgdi vottorð frá kaupanda um að hann hafi keypt baðkarið fyrir þessa fjárhæð og kemur fram í vottorðinu að baðkarið hafi verið ótrúlega útatað í silikoni, bæði kantar og hliðar. Seljandi segir baðkarið hafa verið gallalaust þegar það var selt álitsbeiðanda. Nuddstútar séu víða á baðkarinu og vandalaust sé að loka fyrir þann stút sem á botni baðkarsins sé. Seljandi gerir þá kröfu að álitsbeiðandi greiði sér kr. 43.700 sem sé munurinn á fullu verði baðkarsins og því verði sem hann hafi fengið fyrir baðkarið.

Að því er varðar síðara baðkarið sem álitsbeiðandi keypti segir seljandi það vekja furðu að í það hafi verið látið renna óblandað heitt vatn sem sé allt að 80° heitt á því svæði þar sem álitsbeiðandi búi. Ekki sé óeðlilegt að slöngur láti undan því og hvarfli að seljanda að ástæður fyrir því geti verið annarlegar, en því er ekki nánar lýst í andsvörunum.

V

Úr gögnum málsins

Andsvörunum fylgdi bréf seljanda til Félags pípulagningameistara, dags. 14. september 2007. Í því segir að baðkarinu [seinna baðkarinu] hafi verið skilað og við skoðun hafi sést að báðar slöngurnar hafi verið framlengdar, vírarnir trosnaðir og gat á heitavatnsslöngunni. Segir síðan orðrétt: „Okkur virðist nær sem unnið hafi verið skemmdarverk. ... Vænti þess að þú getir litið á þetta t.d. n.k. mánudag.“

Seljandi lagði fram í málinu svohljóðandi yfirlýsingu formanns Félags pípulagningameistara, dags. 27. september 2007:

„Undirritaður hefur skoðað baðkar sem skilað hefur verið til Y og borið er fyrir að það sé gallað. Eftir að hafa skoðað baðkarið sá ég að barki sem tengir heitt og kalt vatn við blöndurnartækið á baðinu var ónýtur. Gat var komið á barkann sem var tengdur við heitt vatn. Niðurstaða mín er að það er ekki þörf á að skila baðkarinu vegna leka á þessum tiltekna barka, það er ekkert tiltökumál að setja annan í staðinn sem þolir þann hita sem hitaveituvatnið er.

Það er ekki ráðlegt að það fari heitara vatn í híbýli en 60°C en í þessu tilviki hefur húseigandi verið með hitastig yfir 70°C sem hitaveituvatnið er.

Baðkarið var mjög tekið eftir þriggja mánaða notkun.“

Vegna þessarar yfirlýsingar hafði formaður kærunefndar samband við formanninn og kvaðst hann með yfirlýsingunni ekki tekið afstöðu til þess hver ætti sök á því hvernig fór heldur hefði hann látið það álit sitt í ljós að ekki hefði verið þörf á að skila baðkarinu vegna þess að vatnsleiðslur til þess hefði mátt endurnýja á staðnum.

Í bréfi sem seljandi ritaði álitsbeiðanda 22. ágúst 2007 stendur eftirfarandi og er þá átt við síðara baðkarið:

„Þegar farið var að skoða baðkarið kom í ljós að breyting hafði verið gerð á slöngunum með samtengingum og við það hafi vafningsvívar slanganna beggja verið slitnir sundur með uppásnúning og stóðu bara út úr þeim. Var það mat og eina skýringin á slíku að álit okkar pípulagningamanns. Að vírarnir slitni svona á talsverðu svæði getur bara ekki gerst nema við átök. Hefur enda aldrei komið fyrir að sjálfar slöngurnar bili í þau rúm tvö ár, sem við höfum haft þessa vöru.“

Álitsbeiðandi lagði fram yfirlýsingu starfsmanns Z sem er svohljóðandi:

„Þann 18.7.2007 var tilkynnt um mikið vatnstjón í húsinu A. Verktakar á vegum Z fóru strax á staðinn, stöðvuðu lekann og þrifu út vatnið sem flæddu um húsið. Talsvert mikið eignatjón varð við þennan atburð. Orsakir þessa vatnsleka má rekja til tengibarka sem notaður var til að tengja búnað „nuddaðkers“ við neysluvatnskerfi hússins. Þessi barki hafði gefið sig með þeim afleiðingum sem að ofan greinir. Þar sem ekki fór fram nánari skoðun á búnaðinum mun Z ekki gefa frekari upplýsingar um gæði eða gerð búnaðarins, né heldur nánari útlistun á því hvaða hluti tengibarkans gaf sig og hvers vegna.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Í bréfi sem kærunefndin ritaði álitsbeiðanda 14. desember sl. var hún sérstaklega spurð að því hvort krafa hennar á hendur seljanda næði til þess að hann greiddi henni síðara baðkarið sem hún keypti. Í svarbréfi álitsbeiðanda, sem kærunefndin móttók 2. janúar sl., kvað hún svo vera. Þar kemur og fram að hún telur baðkarið hafa verið gallað að því leyti að slanga frá baðkari hafi verið gölluð, farið að leka og vatnstjón hlotist af. Kröfur álitsbeiðanda ná þannig ekki til þess að seljandi taki þátt í að bæta tjón sem varð í íbúð hennar af vatnslekanum.

Ekki verður séð af gögnum málsins að fyrra baðkarið sem álitsbeiðandi keypti hjá seljanda hafi verið haldið göllum í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Álitsbeiðandi mátti sjá við kaupin að nuddstútur var á botni baðkarsins og ekki eru efni til þess að draga í efa þá staðhæfingu seljanda að loka hafi mátt fyrir hann, hafi þrýstingur frá stútnum valdið álitsbeiðanda sérstökum óþægindum. Fyrst álitsbeiðandi fékk að skila baðkarinu bar henni að skila því óskemmdu, en upplýst verður að telja að svo var ekki. Seljandi krefst þess að álitsbeiðandi greiði honum kr. 43.700, sem er mismunur upphaflegs kaupverðs og þess verðs sem seljandi fékk fyrir baðkarið eftir notkun þess hjá

álitsbeiðanda, en upplýsingar liggja fyrir um upphæð þess söluverðs. Kærunefndin álitur að álitsbeiðanda beri að greiða seljanda þessa upphæð.

Það er upplýst að vatnsleiðsla frá síðara baðkarinu sem álitsbeiðandi keypti, og notuð var til að tengja baðkarið við heitt vatn, fór í sundur.

Kærunefndin hefur og fengið þessa leiðslu til skoðunar. Leiðslan er úr gúmmí og utan um hana er nokkuð þéttriðin vírklæðning, en vírarnir grannir. Slangan hefur farið í sundur á einum stað og standa vírarnir þar út eins og brúskur. Þá má sjá á nokkrum öðrum stöðum á leiðslunni að vírarnir hafa gefið eftir og slitnað sums staðar án þess þó að séð verði að leiðslan hafi farið þar í sundur. Á þessum stöðum eru vírarnir dekkri líkt og ryðmyndun sé að byrja. Af skoðuninni er ekki hægt að merkja að vírklæðningin hafi orðið fyrir hnjaski utan frá. Verður ekki annað ályktað en slangan hafi farið í sundur vegna hita og þrýstings á vatni og við það hafi vírklæðningin gefið sig með þeim hætti sem lýst er að framan. Orsök lekans sé því sú að leiðslan hafi ekki verið gerð til að þola það álag sem hún varð fyrir.

Það er alþekkt að víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu er mikill hiti á heita vatninu, þótt mismunandi sé, og það yfirleitt notað í íbúðarhúsum án nokkurrar kælingar, nema þegar að því kemur að heitu og köldu vatni er blandað saman í blöndunartækjum. Þá getur verið mismunandi mikill þrýstingur á vatninu, en vatn á neysluvatnsleiðslum er yfirleitt án þrýstijöfnunar. Í því tilviki sem hér um ræðir var leiðslan ætluð til þess að leiða heitt vatn frá inntaki í baðherberginu til baðkarsins án þess að nokkur blöndun eða þrýstijöfnun kæmi til. Það er álit kærunefndarinnar að seljanda hafi átt eða mátt vera ljóst það sem að framan segir um gæði leiðslunnar og það álag sem henni var ætlað að þola. Hann hafi annað hvort átt að gera kaupanda grein fyrir því að sú hætta gæti verið fyrir hendi að leiðslan þyldi ekki mjög heitt vatn og þrýsting eða láta leiðslu fylgja baðkarinu sem þyldi það álag. Þótt seljandi hafi ekki gert sér grein fyrir því að leiðslan þyldi ekki álagið verður engu að síður að telja samkvæmt framansögðu að galli hafi verið á baðkarinu að þessu leyti í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 sem seljandi ber ábyrgð á.

Álitsbeiðandi hefur skilað baðkarinu og vill fá verð þess endurgreitt. Þótt hér sé um að ræða galla sem tiltölulega auðvelt ætti að vera að bæta úr álitur kærunefndin engu að síður eins og hér hagar til að álitsbeiðandi eigi rétt á því að rifta kaupunum, sbr. d-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. sömu laga ber seljanda að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð baðkarsins sem ekki er að fullu upplýst hvert var. Hins vegar ber að draga frá þeirri upphæð, kr. 43.700, sem álitsbeiðanda ber að greiða vegna fyrra baðkarsins sem hún keypti. Eins og kröfugerð í málinu er háttað þykir kærunefndinni ekki ástæða til að taka sérstaka afstöðu til réttar og skyldu aðila samkvæmt 50. gr. laga nr. 48/2003.

VII Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kaupverð síðara baðkarsins sem hún keypti hjá fyrirtækinu að frádregnum kr. 43.700.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir